

Nóvember 1967

7

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

Kjararannsóknarnefnd
Skrifstofur : Skólavörðustíg 12
Símar 21775 - 21776

Fréttabréf

7

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
í október 1967 :

Björn Jónsson (formaður)
Björgvin Sigurðsson
Helgi Bergs
Hjalti Kristgeirsson
Sigurvin Einarsson
Þorvarður Alfonsson

Efnisyfirlit :

1. Þróun tímakaups og vinnutíma í Reykjavík á 1. ársfjórðungi 1967. Birtar eru niðurstöður úr launaskýrslum fyrir 1. ársfjórðung 1967 og vísitölur um kaupmátt tímakaups verkamanna og meðaltímakaups á 1. ársfjórðungi 1967 miðað við 1. ársfjórðung 1966. Einnig eru birtar vísitölur um kaupmátt samningsbundins tímakaups verkamanna í almennri vinnu, almennri fiskvinnu og almennri hafnarvinnu með grunntölu 1. marz 1959.

2. Töflur um tímakaup og vinnutíma.

Tafla 1	Verkamenn. Tímakaup
Tafla 2	Verkamenn. Vinnutími
Tafla 3	Iðnaðarmenn. Tímakaup
Tafla 4	Iðnaðarmenn. Vinnutími
Tafla 5	Verkakonur. Tímakaup
Tafla 6	Verkakonur. Vinnutími
Tafla 7	Flugáhafnir

3. Fiskveiðar og útflutningur 1961 - 30.6.1967
Birtar eru töflur um fiskafla, sýnishorn um þróun ferskfiskverð, útflutningsmagn, útflutningsverðmæti, þróun útflutningsverðs á magneiningu ofl.

1. Tímakaup í Reykjavík á 1. ársfjórðungi 1967.

Í töflum þeim sem hér fara á eftir er að finna upplýsingar um tímakaup og vinnutíma verkafólks í Reykjavík á 1. ársfjórðungi 1967. Upplýsingar þessar eru unnar á sama hátt og tímakaups- og vinnutíma- skýrslurnar árið 1966 (Fréttabréf 6) og ná til sömu starfshópa. Er því um sambærilegar upplýsingar að ræða milli ára. Rétt er þó að vekja athygli á því að páskahelgin féll á 1. ársfjórðung 1967 en 2. ársfjórðung 1966. Þetta hefur þau áhrif að helgidagaálag í samantvegnu meðaltímakaupi verkamanna er nú kr. 1.75 hærri en á 1. ársfjórðungi 1966. Upplýsingar þær sem hér eru birtar um 1. ársfjórðung 1967 ná til 1.470 þús. vinnustunda og fyrir þær eru alls greiddar kr. 100,5 millj. Er þetta því sem næst sama vinnumagn og fjallað var um á 1. ársfjórðungi 1966, eða 22 þús. vinnustundum minna nú. (Um 1.5 %)

Tímakaup og meðaltímakaup verkamanna.

Tímakaup verkamanna í dagvinnu og meðaltímakaup í almennri verkamannavinnu, aðstoð við fagvinnu og vélstjórn fer hér á eftir samanborið við 1. ársfjórðung 1966 :

	1967		1966	
	Tímakaup í dagv. <u>kr.</u>	Meðal- tímak. <u>kr.</u>	Tímakaup í dagv. <u>kr.</u>	Meðal- tímak. <u>kr.</u>
Alm. verkam.v.	58.48	68.34	52.10	60.28
Aðstoð v.fagv.	66.70	76.19	60.84	67.74
Vélstjórn	64.31	77.17	56.70	66.49
Samantvegið	61.58	72.12	55.00	63.33

Tímakaup verkamanna í dagvinnu er þannig kr. 6.58 herra að meðaltali á 1. ársfjórðungi 1967 en var á 1. ársfjórðungi 1966 eða tæplega 12 % herra. Meðaltímakaup er hinsvegar kr.8.79 herra á 1. ársfjórðungi 1967 en á 1. ársfjórðungi 1966 eða 11.4 % herra. En af þessum kr. 8.79 stafa kr. 1.75 af tilfærslu helgidaga milli ársfjórðunga eins og áður segir, þannig að raunverulegur samanburður yrði kr. 7.04 eða 11.1%.

Rétt er að taka fram, að 1. ársfjórðungur 1967 og 4. ársfjórðungur 1966 eru ekki sambærilegir vegna árstíða sveiflna í kaupgreiðslum og vinnutíma svo og vegna þess að mörg fyrirtæki greiða starfsfólki sínu " jólauppbót " á kaup. Af þessum sökum er tímakaup í dagvinnu og meðaltímakaup nokkru lægra á 1. ársfjórðungi 1967 en var á 4. ársfjórðungi 1966, einkum meðaltímakaupið.

Skipting vinnutímans.(Verkamenn)

Í töflu 2 er sýndur heildarvinnustundafjöldinn, sem þessar skýrslur byggjast á í þús vinnustunda (dálkur 1) og hlutfallsleg (%) skipting þessa vinnustundafjölda í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Séu þessar upplýsingar (tafla 2) bornar saman við tilsvareandi upplýsingar á 1. ársfjórðungi 1966 (tafla 6 - Fréttabréf 6) kemur í ljós, að eftirvinna og næturvinna hefur minnkað mjög mikið á árinu 1967 í fiskvinnu og næturvinna minnkað verulega við afgreiðslustörf, bæjarvinnu, verksmiðjuvinnu og slippvinnu. Minni munur er hér milli ára hjá aðstoðarmönnum við fagvinnu og hjá stjórnendum véla og tækja. Vegin meðaltöl vinnutímans eru þannig :

	1. ársfj. 1967				1. ársfj. 1966			
	Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.	Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.
Alm.verkam.v.	78.5	13.4	8.1	100	74.8	14.4	10.8	100
Aðstoð v.fagv.	81.7	14.5	3.8	100	82.4	13.3	4.3	100
Vélstjórn	76.1	12.3	11.6	100	76.6	11.6	11.8	100
Samanvegið	78.6	13.3	8.1	100	76.9	13.4	9.7	100

Ekki er unnt að segja, að samanvegnu meðaltölin sýni stórvægi-
legar breytingar frá 1966 til 1967 en þó þróun í þá átt, að yfirvinna
hafi dregist saman .

Iðnaðarmenn

Í töflum 3 og 4 eru birtar upplýsingar um tímakaup nokkurra hópa iðnaðarmanna og hlutfallslega skiptingu vinnutíma þeirra á 1. ársfjórðungi 1967 og finna má í töflum 11 og 16 í Fréttabréfi 6 fyrir 1. ársfjórðung 1966. Við samanburð á þessum töflum kemur í ljós, að yfirvinna er mun minni við skipasmíði og viðgerðir, málmsmíði, trésmíði og húsgagnagerð á 1. ársfjórðungi 1967 en á sama ársfjórðungi 1966.

Breytingarnar á tímakaupi í dagvinnu og meðaltímakaupi milli ára 1967 og 1966 (1. ársfj.) eru þessar :

	Tímak. í dagv.			Meðaltímakaup		
	1967	1966	%	1967	1966	%
	kr.	kr.		kr.	kr.	
Skipasm. og viðg.	78.06	72.62	7.4	90.11	92.90	3.0
Málmsmíðar	75.80	70.76	6.1	85.94	81.81	5.0
Trésmíði	77.84	72.54	7.3	89.42	82.69	8.1
Húsgagnagerð	88.22	84.82	4.0	97.47	92.72	5.1
Flugvirkjun	85.06	79.42	7.1	106.06	93.28	13.7
Bifvélavirkjun	79.06	75.04	5.4	89.76	82.73	8.4
Rafvirkjun	82.48	78.66	4.9	97.04	89.21	8.8
Bökunarvinna	71.84	65.88	7.5	83.74	73.63	13.7
Prentun og bókb.	78.87	68.22	15.6	89.58	77.38	16.1

Á því skal vakin athygli að þar sem tímakaup í dagvinnu er lægra á 1. ársfjórðungi 1967 en á 4. ársfjórðungi 1966, getur það auk þess, sem að framan segir um áhrif helgidaga stafað af bónusgreiðslum fyrir ákveðin verk, sem féllu til útborgunar á 4. ársfjórðungi 1966 umfram 1. ársfjórðung 1967. Að öðru leyti er svo ekki unnt að fullyrða, að hve miklu leyti hér er um að ræða árstíða sveiflu eða þróun, fyrr en skýrslur um alla ársfjórðungana 1967 liggja fyrir.

Skipting vinnutímans. (Tönaðarmenn)

Samanburður á hlutfallslegri skiptingu vinnutímans hjá þeim starfshópum, sem hafa minni yfirvinnu á 1. ársfjórðungi 1967 en 1966 er þannig :

		<u>Dvt.</u>	<u>Evt.</u>	<u>Nvt.</u>	<u>Samt.</u>
Skipasmíðar og viðg.	1. ársfj. 1967	81.8	13.2	6.0	100
- " -	1. ársfj. 1966	63.2	13.5	23.3	100
Málmsmíðar	1. ársfj. 1967	80.9	13.2	5.9	100
- " -	1. ársfj. 1966	77.1	14.1	8.8	100
Trésmíðar	1. ársfj. 1967	80.6	17.6	1.8	100
- " -	1. ársfj. 1966	79.0	16.0	5.0	100
Húsgagnagerð	1. ársfj. 1967	88.8	11.1	0.1	100
- " -	1. ársfj. 1966	86.5	12.0	1.5	100

Kaupmáttur launa og tímakaups í dagvinnu.

Í framhaldi af þeirri tilraun sem gerð var í síðasta fréttabréfi (Fréttabréf 6) til að mæla kaupmátt launa (meðaltímakaups) og kaupmátt tímakaups í dagvinnu og þróunina frá ári til árs verða nú þær upplýsingar, sem hér liggja fyrir um 1. ársfjórðung 1967 notaðar til að mæla breytinguna sem orðið hefur frá 1. ársfjórðungi 1966 (sem notaður var sem grunntala og settur = 100).

1. Meðaltímakaup.

	<u>Samanvegið</u>	<u>Vísitala</u>	<u>Neyzlu-</u>	<u>Vísitala</u>
	<u>meðaltímak.</u>	<u>launa</u>	<u>vísitala</u>	<u>kaupmáttar</u>
	<u>kr.</u>			
1. ársfj. 1966	63.33	100.0	100.0	100.0
1. ársfj. 1967	72.12	113.8	106.7	106.7

2. Tímakaup í dagvinnu.

	Samanvegið tímakaup í dagv. kr.	Vísitala tímakaup í dagv.	Neyzlu-vísitala tímakaup	Vísitala kaupmáttar tímakaups
1. ársfj. 1966	55.00	100.0	100.0	100.0
1. ársfj. 1967	61.58	112.0	106.7	105.0

Neyzluvísitalan hefur lækkað frá 4. ársfj. 1966 úr 107.1 stigi í 106.7 stig. Þessi lækkun byggist á auknum niðurgreiðslum á þessum tíma, sem olli því að vísitala neyzluvöru og þjónustu lækkaði úr 229 á 4. ársfj. 1966 í 228 stig á 1. ársfj. 1967. (Fréttabréf 6 bls. 38).

Samkvæmt framanskráðu er vísitala kaupmáttar launa 106.7 stig á 1. ársfj. 1967 miðað við 100 stig á 1. ársfj. 1966. (Hér ber þó að hafa það hugfast sem að framan segir um helgidagaálagið sem nú fellur á 1. ársfj. og valda mun tilsvarendi lækkun á þessum tölum á 2. ársfj. 1966. Væri þetta helgidagaálag dregið frá hér, yrði vísitalan 104.1 stig.) Á sama hátt verður vísitala kaupmáttar tímakaups í dagvinnu 105 stig á 1. ársfj. 1967 miðað við 100 stig á 1. ársfj. 1966 og hefur helgidagaálag þar engin áhrif.

Samkvæmt athugun á breytingu kauptaxta verkamanna hefur samningsbundið tímakaup í dagv. hækkað þannig frá 1. ársfj. 1966 til 1. ársfj. 1967.

	Dagsbrún	Iðja	Samanvegið 92 % og 8 %
Hækkun kaupgjaldsvísitölu frá 1. ársfj. 1966	6.8 %	6.8 %	6.8 %
Taxtahækkun í júlí 1966	3.5 %	9.8 %	4.0 %
Taxtatilfærslur í júlí 1966	0.9 %		0.9 %
Vísitöluhækkun á grunnkaups-hækkun í júlí 1966	0.3 %	0.7 %	0.3 %
	<u>11.5 %</u>	<u>17.3 %</u>	<u>12.0 %</u>

Tafla 1

Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1967

Verkamenn <u>Véltafila 245</u>	Heildar		Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Næturv.	Meðal-
	vinnust.		í dagv.	álag	álag	álag	tímak.
	<u>bús.</u>	<u>Vog</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
Alm. verkam.v.	1	2	3	4	5	6	7
Fiðkvinna	26	15	53.40	1.88	2.50	5.69	63.49
Hafnarvinna	282	20	53.60	1.76	4.31	3.85	63.53
Pakkhúsvinna	56	3	58.49	2.05	4.02	4.52	69.10
Lyftarvinna	33	2	53.97	1.49	4.60	4.37	64.46
Byggingarvinna	23	10	67.98	1.59	6.03	3.29	78.90
Afgreiðslustörf	37	7	71.13	2.99	2.90	2.94	79.98
Bæjarvinna	117	15	54.30	2.16	3.88	1.65	62.01
Verksmiðjuvinna	64	11	61.76	2.53	4.09	2.31	70.70
Slippvinna	19	2	57.75	1.98	3.72	3.28	66.74
Ymis alm. vinna	74	15	60.28	2.63	3.82	5.56	72.31
<u>Vegið meðaltal</u>	731	100	58.48	2.13	3.93	3.78	68.34
<u>Aðstoð v. fagv.</u>							
Málmsmíði	33	35	65.68	2.79	4.63	2.27	75.38
Trésmíði	32	30	61.89	2.68	4.83	1.04	70.45
Bifvélavirkjun	31	35	71.84	3.14	4.23	2.70	81.93
<u>Vegið meðaltal</u>	96	100	66.70	2.88	4.55	2.05	76.19
<u>Vélstjórn</u>							
Bílstjórar	134	80	64.68	2.80	3.93	6.00	77.43
Ytu- og kranastj.	82	20	62.82	2.66	4.66	5.99	76.14
<u>Vegið meðaltal</u>	216	100	64.31	2.77	4.08	6.00	77.17
<u>Samangeigið</u>							
Alm. verkam.v.		55	58.48	2.13	3.93	3.78	68.34
Aðstoð v. fagv.		20	66.70	2.88	4.55	2.05	76.19
Vélstjórn		25	64.31	2.77	4.08	6.00	77.17
<u>Samangeigið mt.</u>		100	61.58	2.44	4.09	3.99	72.12

Tafla 2

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 1. ársfj. 1967

Verkamenn	Heildar-		Skipting vinnutíma			Heildar-
	vinnust.		Dvt.	Evt.	Nvt.	kaup
Véltafila 345	pús.	Vog	%	%	%	pús. kr.
<u>Alm. verkam.v.</u>	1	2	3	4	5	6
Fiskvinna	25	15	78.3	8.8	12.9	1610
Hafnarvinna	282	20	75.3	15.7	9.0	17931
Pakkhúsvinna	55	3	77.0	13.4	9.6	3805
Lyftaravinna	33	2	73.6	16.2	10.2	2137
Byggingavinna	21	10	76.4	17.5	6.1	1652
Afgreiðslustörf	23	7	86.5	8.5	5.0	1811
Bæjarvinna	117	15	81.2	15.0	3.8	7225
Verksmiðjuvinna	39	11	81.5	13.8	4.7	2733
Slippvinna	19	2	80.1	12.9	7.0	1239
Ymis alm.vinna	74	15	76.2	12.3	11.5	5365
<u>Vegið meðaltal</u>	688	100	78.5	13.4	8.1	45508
<u>Aðstoð v. fagv.</u>						
Málmsmiði	33	35	80.9	14.8	4.3	2517
Trésmiði	31	30	81.2	16.7	2.1	2188
Bifvélavirkjun	31	35	83.0	12.3	4.7	2513
<u>Vegið meðaltal</u>	95	100	81.7	14.5	3.8	7218
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	134	80	76.7	11.8	11.5	10346
Ytu- og kranastj.	82	20	73.7	14.3	12.0	6229
<u>Vegið meðaltal</u>	216	100	76.1	12.3	11.6	16575
<u>Samanvegið</u>						
Alm. vinna	688	55	78.5	13.4	8.1	45508
Aðstoð v. fagv.	95	20	81.7	14.5	3.8	7218
Vélstjórn	216	25	76.1	12.3	11.6	16575
	999	100	78.6	13.3	8.1	69301

Tafla 3

Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1967

Iðnaðarmenn <u>Véltafla 265</u> <u>Tímavinna</u>	Heildar-	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Næturv.	Meðal-
	vinnust.	í dagv.	álag	álag	álag	tímak.
	<u>pús.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
	1	2	3	4	5	6
Skipasm. og viðg.	11	78.06	3.42	4.99	3.63	90.11
Málsmíðar	90	75.80	3.31	4.85	1.98	85.94
Trésmíðar	37	77.84	3.26	7.23	1.07	89.42
Húsgagnagerð	15	88.22	3.85	5.34	.04	97.47
Flugvirkjun	27	85.06	3.72	1.36	15.90	106.06
Bifvélavirkjun	49	79.06	3.46	4.77	2.46	89.76
Rafvirkjun	28	82.48	3.61	5.99	4.96	97.04
Bökunarvinna	9	71.84	3.14	1.76	6.98	83.74
Prentun og bókb.	19	78.87	3.45	.00	7.24	89.58

Tafla 4

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla 1. ársfj. 1967

Iðnaðarmenn <u>Véltafla 365</u>	Heildar-	Skipting vinnutíma			Heildar-
	vinnust.	Dvt.	Evt.	Nvt.	kaup
	<u>pús.</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>pús. kr.</u>
	1	2	3	4	5
Skipasm. og viðg.	11	81.8	13.2	6.0	968
Málsmíðar	90	80.9	13.2	5.9	7714
Trésmíðar	36	80.6	17.6	1.8	3223
Húsgagnagerð	11	88.8	11.1	0.1	1064
Flugvirkjun	24	74.5	2.7	22.8	2556
Bifvélavirkjun	49	83.6	12.7	4.0	4371
Rafvirkjun	27	77.7	14.7	7.6	2576
Bökunarvinna	9	83.4	4.7	11.9	763
Prentun og bókb.	19	90.4	.0	9.6	1664
		<u>276</u>			<u>24899</u>

Tafla 5

Tímakaupstafla 1. ársfj. 1967

Heildar- vinnust.	Tímak. í dagv.	Helgid. álag	Eftirv. álag	Næturv. álag	Meðal- tímak.	
<u>pús.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	
1	2	3	4	5	6	
Fiskvinna	18	49.51	1.22	2.49	2.11	55.34
Afgreiðslustörf	7	53.07	1.45	2.06	.05	56.64
Verksmiðjuvinna	71	51.56	2.01	1.02	0.49	55.09
Bökunarvinna	6	52.51	2.30	.08	.67	55.57
Fatasaumur	24	52.54	2.26	.09	.04	54.96
Prentun og bókb.	4	53.36	2.33	.00	.53	56.24
Ýmis alm. vinna	16	60.52	2.30	.08	1.66	64.58

Tafla 6

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla 1. ársfj. 1967

Heildar- vinnust.	Skipting vinnutíma			Heildar- kaup	
<u>pús.</u>	Dvt. <u>%</u>	Evt. <u>%</u>	Nvt. <u>%</u>	<u>pús. kr.</u>	
1	2	3	4	5	
Fiskvinna	18	84.9	10.0	5.1	980
Afgreiðslustörf	7	90.7	8.2	1.1	385
Verksmiðjuvinna	63	94.6	4.3	1.1	3459
Bökunarvinna	6	98.2	.3	1.5	327
Fatasaumur	17	99.5	.4	.1	929
Prentun og bókb.	4	98.9	.0	1.1	219
Ýmis alm. vinna	9	96.5	.3	3.2	553

Tafla 7

Meðaltímakaup 1. ársfj. 1967

Heildar- vinnust.	Meðal- tímak.	
<u>pús.</u>	<u>kr.</u>	
Flugáhafnir	13	218.44
Flugáh. annað	15	140.68
Flugfreyjur	14	72.44

1) Vísitölur kaupmáttar
Samningsbundins tímakaups í :

<u>Án orlofs</u>	<u>Almennri</u> <u>vinnu</u>	<u>Almennri</u> <u>fiskvinnu</u>	<u>Almennri</u> <u>hafnarvinnu</u>
1959 (frá 1.3)	100.0	100.0	100.0
1960	91.2	91.2	91.2
1961	85.9	85.9	85.9
1962	84.4	84.4	85.1
1963	85.0	85.7	87.0
1964	86.7	88.1	92.0
1965	93.3	95.3	100.2
1966	97.7	100.3	105.8
1967 (1. ársfj.)	100.0	102.5	112.5

- 1) Tekið er tillit til taxtatilfærslna, vikukaups-
 greiðslna (65 : 35) og aldurshækkana (45 : 55
 frá 10.7 '65 og 50 : 50 frá 1.1 '66).

3. Fiskveiðar og útflutningur 1961 - 30.6 1967.

Í Fréttabréfi 5 (desember 1966) eru birtar nokkrar upplýsingar um efnahagsmál, sem safnað er saman úr ritum, sem ýmsar stofnanir gefa út, sem um þessi mál fjalla. Eru þessar upplýsingar dregnar saman fyrir nokkur ár í röð og birtar í Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar í því skyni að auðvelda þeim, sem þessar upplýsingar þurfa að nota, aðgang að þeim, og á þann veg, að þær séu sambærilegar frá ári til árs.

Með því að fiskveiðar og verðlag á fiskafurðum erlendis er eitt allra mikilvægasta undirstöðuatriði í þjóðarbúskap Íslendinga telur Kjararannsóknarnefnd rétt, að láta aðildarsamtökunum í té sem ferskastar upplýsingar um þessi mál, ekki sízt á tímum þegar miklar breytingar eiga sér stað í þessum málum eins og nú er. Eru því birtar töflur ásamt nokkrum ábendingum um fiskveiðar og útflutning í þessu Fréttabréfi, og ná þessar upplýsingar yfir tímabilið 1961 - 30. júní 1967.

Töflurnar sýna :

1. Aflamagn á hverju ári og 1.1. - 30.6. 1966 og 1967
 2. Útflutningsmagn í tegundum á ári
 3. Ferskfiskverð nokkurra fisktegunda
 4. Heildar útflutningsverðmæti í tegundum á ári
 5. Einingarverð útflutningstegunda árlega
 6. Magnvísitölur og verðvísitölur útflutningsins árlega
 7. Tekjuvísitölur útflutningsins árlega
 8. Þriggja ára meðal einingarverð nokkurra helztu útflutningsafurða, 1961 - 1963 og 1964 - 1966.
- Til samanburðar jan. - júní 1967.

Fiskaflinn 1961 - 1966.

Heildaraflinn, sem á land kom árið 1966 er aðeins 3.2 % meiri en árið 1965, eða alls 1238.4 þús. tonn á móti 1199.0 þús. tonn 1965. Árið 1966 er heildaraflamagnið 74.4 % meira en árið 1961, þegar miðað er við fisk upp úr sjó. En nú segja tölurnar um heildaraflamagn upp úr sjó að sjálfsögðu ekki alla sögu.

Sé aflamagnið sundurliðað í nokkra aðalflokka kemur í ljós, að aflamagnið af bolfiski er 11.2 % minna árið 1966 en árið 1965, aflamagnið af flatfiski er 7.8 % minna 1966 en 1965, aflamagnið af síld og loðnu er 10 % meira 1966 en 1965 og er aukningin nær eingöngu loðna, og aflamagn annarra fisktegunda er hið sama bæði árin. Sé gerður samanburður milli árána 1961 og 1966 verður hann þannig : Aflamagnið af bolfiski er 11.5 % minna 1966 en 1961, aflamagnið af flatfiski er svipað bæði árin, aflamagnið af síld og loðnu 174.3 % meira árið 1966 en 1961 og aflamagn annarra fisktegunda er 51.7 % meira 1966 en 1961. Af þessu er ljóst að sú 74.4 % aukning á heildar-aflamagninu frá 1961 - 1966, sem um er að ræða, stafar öll af aukningu síldaraflans og meira en það, þar sem annar afli en síld og loðna er um 40 þús. tonnum minni árið 1966 en var árið 1961. Árið 1961 var síldin 45.9 % af aflamagninu, en annar fiskur 54.1 %, en 1966 hafa þessi hlutföll snúizt við þannig, að síld og loðna er það ár 72.2 % af aflamagninu en annar fiskur 27.8 %.

Höfuð ástæðan fyrir þessari þróun er að sjálfsögðu aðallega sú, að mjög aukin áherzla hefur verið lögð á síldveiðarnar á þessu tímabili, þó að fleira komi til. Sézt það m. a. á því að nýsmíði fiskiskipa beinigt eingöngu að stórum skipum, sem henta á síldveiðum fram- ar en þorskveiðum. Erfitt er að segja til um, hvort þessi þróun hefur verið og er hagstæð fyrir útgerðina og þjóðarbúið í heild eða ekki, þar sem athugun hefur ekki farið fram.

Fiskaflinn 1/1 - 30/6 1967.

Eins og sjá má af meðfylgjandi yfirliti er heildarfiskaflinn 1.1. - 30.6. 1967 um 19.2 % eða 101.6 þúsund tonnum minni en á sama tíma 1966. Þær tegundir sem minna aflast af á fyrri árs- helmingi 1967 en 1966 eru þorskur 18.2 %, síld 35.5 %, loðna 22.1 %, humar, rækja og skarkoli. Af öðrum fisktegundum fiskast meira 1967 en á sama tíma 1966. Af síld og loðnu fiskast nær 82 þúsund tonnum minna á fyrri árs- helmingi 1967, en á sama tíma 1966, eða 29.4 %, en af öðrum fisktegund- um 19.7 þús. tonnum minna 1967 en 1966, eða 7.9 %.

En nú ber þess að gæta, að nálið samband er á milli þorskveiða og síldveiða. Þegar sílaukin áherzla er lögð á síldveiðarnar, hlýtur það að koma fram í minnkandi þorskveiði. Þetta þarf ekki að koma að sök,

þegar aukið aflamagn af síld, vegur upp minnkandi aflamagn af þorski. En þegar aflamagnið af síld fer minnkandi vegna þess að sækja þarf á mjög fjarlæg mið eins og verið hefur að undanförmu, getur útkoman orðið önnur.

Ferskfiskverðið 1961 - 1967.

Í meðfylgjandi yfirliti, er skráð ferskfiskverð á nokkrum helztu fisktegundum árin 1961 - 1967. Að því er snertir þorsk og ýsu er hér aðeins um að ræða hæsta verðflokk, þ. e. verð á línu og handfæra fiski.

Á smáfiski er um að ræða þrjú verðlagstímabil á hverju ári. Í yfirlitinu eru þessi tímabil bundin við maílok, septemberlok og desemberlok. Þetta er þó ekki alveg nákvæmt þar sem stundum nær verðlagstímabilið aðeins til t.d. 15. sept. osfrv. Þessi ónákvæmni og eins hitt að hér eru aðeins birt hæstu verð byggist á því, að ekki var talin ástæða að þessu sinni til að hafa yfirlitið mjög stórt og flókið. Úr því má bæta síðar, ef þurfa þykir og óskað er.

Svipað er að segja um yfirlitið um síldarverð, að þar er ekki um neinar tæmandi upplýsingar að ræða, heldur eingöngu meginatriði. Umreikningur á lítrum síldar í kíló þau ár, sem bræðslusíld var mæld en ekki vegin er framkvæmdur eftir því verðhlutfalli, sem fram kemur í tilkynningu verðlagsnefndar sjávarútvegsins í fyrsta skipti, sem nefndin ákvarðar bræðsluverðið miðað við þunga. Engar nákvæmar mælingar eða reglur aðrar munu gildandi í þessum efnum. Varðandi salt-síld og síld í frýstingu er fylgt þeirri reglu að uppmæld tunna 120 lítra skuli reiknast 108 kg. hvað sem öðru líður. Þá er rétt að taka það fram að í yfirlitinu um síldarverðið merkir N. A. síld veidda norðan og austanlands og S. V. síld veidda sunnan og vestanlands.

Í yfirlitinu er skráð það verð, sem fiskkaupandi á að greiða, sem lágmarksverð í þessum gæðaflokki, en síðan í athugasemd neðanmáls sú uppbót, sem ríkissjóður greiðir samkvæmt sérstökum reglum þar um á hverju ári fyrir sig.

Fiskaflinn 1/1 - 30/6 1966 og 1/1 - 30/6 1967.

<u>Magn</u>	<u>jan-júní.</u>	<u>jan-júní</u>	<u>Aukning</u>
<u>Þús. tonn</u>	<u>1966</u>	<u>1967</u>	<u>%</u>
Dorskur	196.3	160.6	+ 18.2
Ýsa	18.5	22.3	20.5
Ufsi	11.7	17.6	50.4
Langa	2.5	5.0	100.0
Steinbitur	7.1	9.2	29.5
Keila	1.1	1.2	9.0
Karfi	8.7	11.0	26.4
Lúða	0.3	0.5	66.7
Skarkoli	2.7	2.1	+ 22.2
Annar flatfiskur	0.4	0.4	0.0
Síld	153.4	99.0	+ 35.5
Loðna	124.7	97.2	+ 22.1
Humar	1.3	0.9	+ 30.8
Rækja	1.1	1.0	+ 9.1
Annað	1.3	1.5	15.4
	<u>531.1</u>	<u>429.5</u>	<u>+ 19.2</u>
 <u>Þar af :</u>			
Síld og loðna	278.1	196.2	+ 29.4
Annað	253.0	233.3	+ 7.9
	<u>531.1</u>	<u>429.5</u>	<u>+ 19.2</u>
 <u>% af afla :</u>			
Síld og loðna	52.4	45.7	
Annað	47.6	54.3	
	<u>100.0</u>	<u>100.0</u>	

Ferskfiskverðið (fiskur, slægður með haus - hæsti verðflokkur) 1)

Kr. pr. kg.	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967
<u>Porskur :</u>							
Stór l. fl. A.	3.11	3.21	3.60	3.62	4.09	4.67	4.69
Smár l. fl. A.							
1.1 - 31.5	2.74	2.82	3.02	2.97	3.35	3.97	4.03
1.6 - 30.9	2.58	2.23	2.74	2.97	2.94	4.67	
1.10 - 31.12	2.74	2.72	2.74	2.97	3.35	3.97	
<u>Ýsa :</u>							
Stór l. fl. A	3.11	3.21	3.60	3.62	4.38	5.18	5.20
Smá l. fl. A							
1.1 - 31.5	2.74	2.82	3.02	2.97	3.59	4.40	4.47
1.6 - 30.9	2.58	2.23	2.74	2.97	3.15	5.18	
1.10 - 31.12	2.74	2.72	2.74	2.97	3.59		
<u>Steinbítur:</u>	2.10	2.29	2.51	2.69	3.04	3.74	3.61
<u>Lúða :</u>							
2 - 20 kg.	6.00	7.75	8.49	8.49	9.50	10.93	10.93

- 1) Ofan á þetta skráða verð var greidd verðuppbót sem nam : Árið 1964 alls 6 %. Þann 1/1 - 31/5 allt úr ríkissjóði, en aðra mánuði ársins greiddu kaupendur 2 % og ríkissj. 4 %. Árið 1965, úr ríkissjóði, 25 aurum pr. kg. af handfæra- og línufiski. Árið 1966, úr ríkissjóði, 25 aurum pr. kg. af handfæra- og línufiski og frá fiskkaupendum 25 aurum á sama fisk. Árið 1967, úr ríkissjóði í maí og apríl, 5 % á allan bolfisk, og 11 % aðra mánuði ársins.

Ferskfiskverðið - kr. pr. kg.

<u>Síld - N. A.</u>	<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>1963</u>	<u>1964</u>	<u>1965</u>	<u>1966</u>	<u>1967</u>
(10.6 - 30.9 árl.)							
Til bræðslu	0.89	1.02	1.06	1.28	1.66	1.71	1.21
- söltunur	1.81	2.04	2.04	2.13	2.38	2.57	2.66
- heilfrystingar	-	2.04	2.04	2.13	2.38	2.00	1.70

Síld - S. V.

(1.1 - 28.2. árlega.)							
Til bræðslu	0.77	0.77	0.74	0.87	1.02	1.30	0.86
- söltunur	1.60	1.60	1.60	1.42	1.70	1.70	1.70
- frystingar	1.70	1.70	1.60	1.42	1.70	1.70	1.70

150 lítrar síldar = 141.75 kg.

Uppmæld tunna = 108.0 kg.

1961 S. V. = haustverð

Heimildir : Ægir, Tilkynningar
frá Verðlagsnefnd sjávarútvegsins.

Útflutningurinn 1961 - 1967.

Á árinu 1966 hefur útflutningurinn enn aukizt frá árinu áður, bæði að verði og magni. Nemur magnaukningin 67.6 þúsund tonnum eða 14.3 % frá árinu 1965 eða verðmætisaukningin 478.3 millj. kr. eða 8.6 %. Tekjur af útfluttum síldarafurðum aukast á árinu 1966 frá 1965 um 471.6 millj. kr. eða 20.6 %. Árið 1966 er útflutningurinn að magni til 56.6 % meiri en 1961 og að verðmæti 96.5 % meiri en 1961. Yfirléitt var verðlag á útfluttum afurðum herra á árinu 1966 en 1965. Má því segja að árið 1966 hafi orðið eitt bezta ár utanríkisverzlunar okkar. Þannig hækkar meðalverð á þurrkuðum saltfiski um 26.5 % frá 1965, óverkuðum saltfiski um 13.3 %, skreið um 15.4 %, heilfrystum fiski um 14.0 %, frystum flökum um 10.7 % osfrv. Hinsvegar er meðalverðið á síldarmjöli 3 % lægra árið 1966 en 1965, síldarlýsi 15.4 % lægra og þorska- og karfalýsi 6.2 % lægra. Á árinu 1966 er flutt út verulegt magn af síldarafurðum framleiddum árið áður. Þannig er t.d. síldar og loðnuaflinn aðeins 10 % meiri árið 1966 en árið 1965, en útflutningur síldarafurða er hinsvegar 27.4 % meiri að magni til 1966 en var 1965.

Af þeim upplýsingum, sem finna má í þeim töflum, sem fylgja hér með, má nú setja upp yfirlit, sem sýnir hve mikið útflutningsverðmætið hefur aukizt á árinu 1966 frá 1961 vegna aukningar á útflutningsmagn og hve mikið vegna hækunar á verðlagi erlendis. Þetta yfirlit lítur þannig út :

	<u>Millj. kr.</u>	
Útflutningsverðmæti 1961	3.074.7	
Hækkun vegna magnaukningar	1.221.1	39.7 %
" " verðhækkana erl.	1.745.7	56.8 %
Útflutningsverðmæti 1966	6.041.5	96.5 %

Þetta yfirlit sýnir þá, að á tímabilinu frá árslokum 1961 til ársloka 1966 (5 árum) hefur meðal verðhækkunin á útflutningsafurðum orðið 57 %, eða að meðaltali um 11.4 % á ári. Á sama tíma hefur svo aukning framleiðslu- og útflutningsmagnsins aukið útflutningsverðmætið um 39.7 % eða að meðaltali 7.9 % á ári. Er hér um svo hagstæða þróun að ræða, að fá dæmi munu um slíkt í viðskiptasögu okkar og ekki við því að búast, að slíkt geti haldið áfram án þess að lát verði á.

Fróðlegt er að athuga þróun útflutningsins á árunum 1961 - 1966 með tilliti til þeirra miklu breytinga, sem síldveiðarnar hafa haft í för með sér. Má sýna þessa þróun með eftirfarandi yfirlitum, þar sem útflutningsmagn og verðmæti er sett í hlutfallstölur og öllum útflutningi skipt í þrjá flokka.

	Hlutfallsleg skipting útflutningsins.					
	1961	1962	1963	1964	1965	1966
Síldarmjöl og lýsi	18.2	27.5	30.7	33.3	43.7	51.5
Saltsíld	14.2	19.9	22.2	16.4	14.3	13.1
Aðrar fiskafurðir	55.8	43.0	41.4	45.3	39.6	29.6
Annað	11.8	9.6	5.7	5.0	2.4	5.8
Samtals %	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0

	Hlutfallsleg skipting útflutningsverðmæta					
	1961	1962	1963	1964	1965	1966
Síldarmjöl og lýsi	11.3	15.3	18.3	21.2	29.1	33.0
Saltsíld	13.6	17.3	19.1	13.5	12.1	12.6
Aðrar fiskafurðir	66.5	58.8	54.6	57.5	53.4	46.9
Annað	8.6	8.6	8.0	7.8	5.4	7.5
Samtals %	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0

Taflan sýnir að á árunum 1961 - '66 hefur útflutningur á síldar- mjöli og lýsi aukizt úr 18.2 % af heildarútflutningsmagninu í 51.5 % eða í það að vera rúmlega helmingur af öllu útflutningsmagninu. Á sama tíma hafa tekjurnar af útfluttu síldarlýsi og mjöli aukizt úr 11.3 % af heildarútflutningsverðmætunum 1961 í 33.0 % árið 1966.

Hlutdeild saltsíldar í útflutningnum breytist ekki mikið á þessu árabili, hvorki að magni eða verði, en hlutdeild annarra fiskafurða minnkar að magni til úr 55.8 % árið 1961 í 29.6 % árið 1966 og úr 66.5 % af heildarútflutningsverðmæti árið 1961 í 46.9 % árið 1966.

Um aðrar afurðir í útflutningnum en fiskafurðir er það að segja, að hlutfall útflutningsmagnsins er mjög breytilegt ár frá ári, en hlutfall verðmætanna breytist minna. Þessar breytingar á útflutnings- magninu stafa aðallega af því, að sum árin eru seld úr landi gömul

skip, sem vega mikið í útflutningsmagninu en hafa minni áhrif á útflutningsverðmætin. Einnig er brotajárnsútflutningur misjafn milli ára, en áhrifin af því eru svipuð og frá útflutningi gamalla skipa.

Árið 1967.

Þegar borin eru saman tímabilin janúar - júní 1966 og janúar-júní 1967 verður munurinn allverulegur. Útflutningsmagnið af flestum tegundum er minna á þessu tímabili 1967 en var á sama tíma 1966. Gildir þetta fyrst og fremst um veigamestu útflutningsafurðirnar eins og t.d. óverkaðan saltfisk, en af honum er flutt út um 6800 tonnum minna á fyrri árshelmingi '67 en á sama tíma '66, fryst flök, sem eru 3.500 tonnum minni '67 en '66 og síldarlýsi, sem er 8000 tonnum minna en '66. Í heild er útflutningurinn á fyrri árshelmingi 1967 um 19700 tonnum minni en á sama tíma 1966 eða um 9 %.

Þetta getur að sumu leyti stafað af því, að á 1. ársfjórðungi 1966 var verðlag á útflutningsafurðum yfirleitt hærra en nokkru sinni áður og því er skiljanleg rík tilhneyging til að flytja sem mest út á þeim tíma. Á fyrsta ársfjórðungi 1967 er útflutningsverðið hinsvegar lægra en meðalverðið 1966, en miklum mun lægra en toppverðið á fyrsta ársfjórðungi 1966, sem hefur það í för með sér, að ekki er jafn mikill áhugi á að selja sem fyrst eins og var í ársbyrjun 1966. Sé útflutningurinn á fyrri árshelmingi 1967 t.d. borinn saman við sama tíma 1965 kemur í ljós, að útflutt magn 1967 er 1 % meira en 1965.

Þó er greinilegt að saltfiskútflutningurinn 1967 minnkar eingöngu vegna þess, að ekki er nóg framleitt, því verðið á óverkuðum saltfiski er svo til óbreytt frá 1966, en verðið á þurrkuðum saltfiski hærra en nokkru sinni áður. Að verðmæti til er útflutningurinn janúar- júní 1967 um 760 millj. kr. minni en á sama tíma 1966, eða 24 % minni.

Þegar borið er saman verðlagið jan. - júní 1966 og jan. - júní 1967 (einingarverð) kemur í ljós, að breytingar á verðlaginu eru víðast til lækkunar. Aðeins þurrkaður saltfiskur, rækja og humar, niðursoðinn fiskur oph. og saltsíld seljast á hærra meðalverði 1967 en var á sama tíma 1966. Mest hefur verðlækkunin orðið á frystum flökum um 15 %, mjöli um 16 - 17 % og síldarlýsi um 22 %. En hér ber þess að gæta að hér er verið að bera saman toppverð og botnverð, og ber því að meta gildi talnanna með tilliti til þess.

Útflutningsmagnið í tonnum.

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	jan- jún 1966	jan- jún 1967
1. Saltfiskur, þurrkaður	4646	3184	2420	1138	2684	1410	807	363
2. Saltfiskur, óverkaður	29108	24886	18989	23955	25859	24391	20269	13525
3. Skreið	10674	10653	9616	11580	12244	8745	2831	3088
4. Heilfrystur fiskur	2612	2885	3953	4814	7554	10222	3731	2519
5. Fryst flök	41987	50200	47903	54095	49125	40953	20033	16571
6. Ísfiskur	39544	31263	36161	34512	30008	21765	13703	13994
7. Rækjur, humar, fryst	506	419	1138	1170	1002	1229	431	317
8. Hrogn, sölt, fryst	5037	5321	6109	8141	6857	6801	5649	3470
9. Fiskmeti, niðursoðið o.fl.	373	428	346	381	682	1021	678	390
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	3112	3086	3256	4396	4023	2667	662	976
11. Saltsíld, sérverkuð síld	34700	47290	52682	46222	39027	42217	12100	10683
12. Fryst síld, ísvarin	14456	31146	42116	22383	28026	27912	14688	11098
13. Fiskimjöl, karfamjöl	32427	20667	26837	29002	22790	20625	9177	8222
14. Síldarmjöl, loðnumjöl	37583	48489	76582	96379	124371	151680	56059	57893
15. Síldarlýsi ofl.	25000	60478	55149	52403	82172	126411	50468	42649
16. Þorskalýsi, karfalýsi	6902	5327	9403	10320	6398	6290	3373	1308
17. Hvallýsi	1540	1687	3444	4499	3066	2265	-	1548
18. Aðrar sjávarafurðir	13993	10528	7654	9770	14812	11812	4789	10115
19. Landbúnaðarafurðir	6724	7844	7439	8210	4731	7282	3087	4192
20. Annað	33843	29980	17072	13756	6720	24090	2320	2222
	344767	395761	428269	437126	472151	539788	224855	205143
Magnvísitala	100.0	114.8	124.2	126.8	136.9	156.6		

Heimildir : Verzlunarskýrslur 1961 - 1966. Hagtíðindi jan-jún. 1966 og 1967

Útflutningsverðmætið í milljónum króna (fob.)

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	Jan-jún. 1966	Jan-jún. 1967
1. Saltfiskur, þurrkaður	95.4	64.0	54.0	28.1	54.7	36.4		
2. Saltfiskur, óverkaður	326.6	296.5	239.3	371.3	437.1	467.0		
3. Skreið	277.1	281.3	278.6	337.4	375.9	309.9		
4. Heilfrystur fiskur	32.0	37.2	41.1	53.1	96.6	149.0		
5. Fryst flök	708.6	884.3	896.0	1096.3	1148.0	1059.5		
6. Ísfiskur	204.5	171.1	201.6	215.0	189.4	150.1		
7. Rækja, humar, fryst	44.1	44.5	96.8	109.9	129.8	179.4		
8. Hrogn, sölt, fryst	57.1	67.3	77.7	107.7	130.0	109.9		
9. Fiskmeti, niðursoðið	23.3	23.1	16.3	20.1	32.6	45.5		
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	18.2	22.0	21.4	30.4	32.5	23.7		
11. Saltsíld, sérverkuð	341.5	469.0	552.1	517.1	491.1	581.8		
12. Fryst síld, ísvarin	76.0	156.2	222.7	131.0	174.8	176.6		
13. Fiskimjöl, karfamjöl	149.4	129.2	138.3	179.6	157.6	146.0		
14. Síldarmjöl, loðnumjöl	211.2	314.4	439.7	594.8	943.4	1116.6		
15. Síldarlýsi	136.0	241.7	301.3	417.6	677.6	882.1		
16. Þorskalýsi, karfalýsi ofl.	55.0	41.0	71.2	94.8	68.3	62.9		
17. Hvallýsi	12.6	13.7	24.5	37.6	28.2	22.5		
18. Aðrar sjávarafurðir	42.4	58.7	47.9	59.7	93.5	76.3		
19. Landbúnaðarafurðir	199.7	243.9	241.5	283.4	189.2	233.2		
20. Annað	64.0	68.9	80.8	91.0	112.9	213.1		
	3074.7	3628.0	4042.8	4775.9	5563.2	6041.5		
Verðmætisvísitala	100.0	118.0	131.5	155.3	180.9	196.5		

Heimildir : Verzlunarskýrslur 1961 - 1966.

Einingarverð útflutningsafurða kr. pr. kg.

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	Hækkun '65-'66 %	Jan-jún. 1966	Jan-jún. 1967	Hækkun '66-'67 %
1. Saltfiskur, þurrkaður	20.53	20.10	22.31	24.69	20.38	25.79	26.5	23.60	28.53	20.9
2. Saltfiskur, óverkaður	11.22	11.91	12.60	15.50	16.90	19.15	13.3	19.25	19.03	+ 1.1
3. Skreið	25.96	26.41	28.98	29.14	30.70	35.44	15.4	31.95	30.47	+ 4.6
4. Heilfrystur fiskur	12.24	12.91	10.40	11.03	12.79	14.58	14.0	14.93	14.11	+ 5.5
5. Fryst flök	16.88	17.62	18.70	20.27	23.37	25.87	10.7	26.60	22.54	+ 15.3
6. Ísfiskur	5.17	5.47	5.58	6.23	6.31	6.90	9.4	6.82	6.57	+ 3.7
7. Rækja, humar, fryst	87.07	106.05	85.08	93.88	129.53	146.00	12.7	102.73	116.63	13.5
8. Hrogn, sölt, fryst	11.35	12.65	12.72	13.23	18.96	16.16	+ 14.2	16.95	15.82	+ 6.7
9. Fiskur niðursoðinn ofl.	62.53	54.03	48.00	52.83	47.82	44.57	+ 6.8	50.71	52.04	2.6
10. Hvalkjöt	5.84	7.13	6.58	6.91	8.08	8.90	10.1	9.93	9.79	+ 1.4
11. Saltsíld	9.84	9.92	10.48	11.19	12.58	13.78	9.5	12.40	12.88	3.9
12. Fryst síld, ísvarin	5.26	5.02	5.29	5.86	6.24	6.33	1.1	6.33	6.22	+ 1.7
13. Fiskimjöl, karfamjöl	4.61	6.25	5.16	6.19	6.92	7.08	2.3	7.45	6.17	+ 17.2
14. Síldarmjöl, loðnumjöl	5.62	6.48	5.74	6.17	7.59	7.36	+ 3.0	7.69	6.46	+ 16.0
15. Síldarlýsi	5.44	4.00	5.47	7.97	8.25	6.98	+15.4	7.94	6.21	+ 21.8
16. Þorskalýsi, karfalýsi	7.96	7.71	7.58	9.34	10.66	10.00	+ 6.2	10.03	9.85	+ 1.8
17. Hvallýsi	8.21	8.12	7.11	8.36	9.20	9.93	7.9	-	5.86	(+ 41.0)
18. Aðrar sjávarafurðir	3.03	5.58	6.26	6.11	6.31	6.46	-	7.51	3.10	
19. Landbúnaðarafurðir	29.70	31.10	32.46	34.52	39.99	32.00	-	37.33	24.88	
20. Annað	1.89	2.30	4.74	6.61	16.79	8.85	-	24.34	14.99	

Magnvísitölur

Verðvísitölur kr. pr. kg.

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1961	1962	1963	1964	1965	1966
1. Saltfiskur, þurrkaður	100	68.5	52.1	24.5	57.8	30.3	100	97.9	108.7	120.3	99.3	125.6
2. " óverkaður	100	85.5	65.2	82.3	88.8	83.8	100	106.1	112.3	138.1	150.6	170.7
3. Skreið	100	99.8	90.1	108.5	114.7	81.9	100	101.7	111.6	112.2	118.3	136.5
4. Heilfrystur fiskur	100	110.5	151.3	184.3	289.2	379.8	100	105.5	85.0	90.1	104.5	121.9
5. Fryst flök	100	119.6	114.1	128.8	117.0	97.5	100	104.4	110.8	120.1	138.4	153.3
6. Isfiskur	100	79.1	91.4	87.3	71.5	54.4	100	105.8	107.9	120.5	122.1	134.8
7. Rækjur, humar, fryst	100	82.8	224.9	231.2	198.0	251.8	100	121.8	97.7	107.8	148.8	161.9
8. Hrogn, sölt, fryst	100	105.6	121.3	161.6	136.1	135.0	100	111.5	112.1	116.6	167.0	142.4
9. Fiskmeti, niðursoðið	100	114.7	92.8	102.1	182.8	271.6	100	86.4	76.8	84.5	76.5	71.1
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	100	99.2	104.6	141.3	129.3	85.7	100	122.1	112.7	118.3	138.6	152.4
11. Saltsíld, sérverkuð	100	136.3	151.8	133.2	112.5	121.7	100	100.8	106.5	113.7	127.8	140.0
12. Fryst síld, ísvarin	100	215.5	291.3	154.8	193.9	195.2	100	95.4	100.6	111.4	118.6	120.0
13. Fiskimjöl, karfamjöl	100	63.7	82.8	89.4	70.3	63.6	100	135.6	111.9	134.3	150.1	153.6
14. Síldarmjöl, loðnumjöl	100	129.0	203.8	256.4	330.9	403.6	100	115.3	102.3	109.8	135.1	131.0
15. Síldarlýsi ofl.	100	241.9	220.6	209.6	328.7	505.6	100	73.5	100.6	146.5	151.7	128.3
16. Þorskalýsi, karfalýsi	100	77.2	136.2	149.5	92.7	91.1	100	96.9	95.2	117.3	133.9	125.6
17. Hvallýsi	100	109.5	223.6	292.1	199.1	147.1	100	98.9	86.6	101.8	112.1	121.0
18. Aðrar sjávarafurðir	100	75.2	54.7	69.8	105.9	84.1	100	184.2	206.6	201.7	208.3	213.5
19. Landbúnaðarafurðir	100	116.7	110.6	122.1	70.4	117.2	100	104.7	109.3	116.2	134.6	105.8
20. Annað	100	88.6	50.4	40.6	19.9	69.7	100	121.7	250.8	349.7	888.4	457.7

Fekjuvísitölur útlutningsins
(Magnvísitala x Verðvísitala : 100)

	1961	1962	1963	1964	1965	1966
1. Saltfiskur, þurrkaður	100	67.0	56.6	29.5	57.4	38.0
2. " óverkaður	100	90.7	73.2	113.7	133.7	143.0
3. Skreið	100	101.5	100.5	121.7	135.7	111.8
4. Heilfrystur fiskur	100	116.6	128.6	166.0	302.2	463.0
5. Fryst flök	100	124.8	126.4	154.7	161.9	149.4
6. Isfiskur	100	83.7	98.6	105.2	87.3	73.3
7. Rækjur, humar, fryst	100	100.8	219.7	249.2	294.6	407.6
8. Hrogn, sölt, fryst	100	117.7	136.0	188.4	227.3	192.2
9. Fiskmeti, niðursoðið	100	99.1	71.3	86.3	139.8	193.1
10. Hvalmjöl, hvalkjöt	100	121.1	117.9	167.1	179.2	130.6
11. Saltsíld, sérverkuð	100	137.4	161.6	151.4	143.8	170.4
12. Fryst síld, ísvarin	100	205.6	293.0	172.4	230.0	234.2
13. Fiskimjöl, karfamjöl	100	86.4	92.6	120.0	105.5	97.7
14. Síldarmjöl, loðnumjöl	100	148.7	208.5	281.5	447.0	528.7
15. Síldarlýsi ofl.	100	177.8	221.9	307.0	498.6	648.7
16. Þorskalýsi, karfalýsi	100	74.8	129.6	175.3	124.1	114.4
17. Hvallýsi	100	108.3	193.6	297.3	223.2	178.0
18. Aðrar sjávarafurðir	100	138.5	113.0	140.8	220.6	179.5
19. Landbúnaðarafurðir	100	122.2	120.9	141.9	94.7	124.0
20. Annað	100	107.8	126.4	142.0	176.8	319.0

	Meðalverð	Meðalverð	jan- júní	Hækkun á meðalverði	
	1961-1963	1964-1966	1967	frá '61-63	frá '64-66
	kr.	kr.	kr.	til '64-66	til 1967
				%	%
1. Saltfiskur, þurrkaður	20.98	23.62	28.53	12.5	20.8
2. " óverkaður	11.91	17.18	19.03	44.2	10.8
3. Skreið	27.11	31.76	30.47	17.2	+ 4.1
4. Heilfrystur fiskur	11.85	12.91	14.11	8.9	9.3
5. Fryst flök	17.73	23.17	22.54	30.7	+ 2.7
6. Ísfiskur	5.41	6.50	6.57	20.1	1.1
7. Saltsíld, sérverkuð	10.08	12.52	12.88	24.2	2.9
8. Fryst síld, ísvarin	5.19	6.12	6.22	17.9	1.6
9. Fiskimjöl, karfamjöl	5.34	6.73	6.17	26.0	+ 8.3
10. Síldarmjöl, loðnumjöl	5.95	7.04	6.46	18.3	+ 8.2
11. Síldarlýsi	4.97	7.73	6.21	55.5	+19.7
12. Þorskalýsi, karfalýsi	7.75	10.00	9.85	29.0	+ 1.5